

Mál nr. 223/2006

M

og

Vátryggingafélagið V v. frítímaslysatryggingu.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns þ. 11.6.2005

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.11.2006. ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 13.11.2006

Málsatvik.

Af málsatvikalýsingu í dómi Héraðsdóms Suðurlands í málinu S-236/2006 er lýst með hvaða hætti M og aðrir komu að málum sem leiddi til líkamstjóns M. Af hálfu lögmanns M er því haldið fram að hann hafi verið að liðsinna dyraverði og orðið fyrir líkamsárás vegna þess og eigi því rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu sinni hjá V. Lögmaðurinn bendir á að V þurfi að sanna að M hafi í umrætt sinn verið í handalögmálum en sú sönnun hafi ekki tekist og því eigi M rétt á bótum. V hafnar bótaskyldu og bendir á að tryggingin bæti ekki tjón sem að vátryggður verði fyrir í handalögmálum svo sem um hafi verið að ræða í umrætt sinn og bendir V á grein 4.7 í skilmálum frítímaslysatryggingarinnar og 5. og 8.gr. þágildandi skilmála sömu tryggingar GH20. V telur ljóst að M hafi verið í handalögmálum í umrætt sinn.

Álit.

Af atvikalýsingu í dómi héraðsdóms Suðurlands í málinu S-236/2006 var M í handalögmálum í umrætt sinn og á því ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 5.12.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.